

Miðvikudaginn 22. janúar 1964.

Nr. 175/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Roy Belcher (Gísli Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
 Gizur Bergsteinsson og prófessor Magnús P. Torfason og Einar
 Arnalds yfirborgardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Alþjóðalög.

Ómerking héraðsdóms og vísun máls frá dómstólum.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar, upp kveðnum 8. október 1963, dómkvaddi yfirsakadómarinn í Reykjavík hinn 11. s. m. kennara við Stýrimannaskólann, þá Benedikt Alfonsson og Karl Guðmundsson, og Zophonías Pálsson mælingaverkfræðing til að kanna og marka á sjóuppdrátt, eftir því sem kostur sé, stað b/v Dragoon, FD 60, þá er hann hóf veiðar hinn 13. október 1962. Í álitserð hinna dómkvöddu manna, dags. 18. nóvember 1963, segir m. a.:

„Við höfum markað inn á meðfylgjandi sjóuppdrátt stað togarans samkvæmt mælingum varðskipsmanna kl. 2318, 2323, 2335, 2342, 2351, 0008, 0036, og er við útsetningu tekið tillit til hugsanlegrar skekkju á ratsjá varðskipsins, sem viðurkennd er af framleiðanda hennar sökunaut í hag, en það er + 2% af mældum fjarlægðum og ÷ 0.65 gráður í miðunum samkvæmt upplýsingum umboðsmanns Ottós B. Arnar.

Með þessu móti fást staðir togarans sem hér segir: Kl. 2318, staður a, 1.1 sml. innan fiskveiðitakmarkanna, kl. 2323, staður b, sem er 0.8 sml. innan við fiskveiðitakmörkin, kl. 2335, staður c, sem er 0.1 sml. fyrir utan fiskveiðimörkin, kl. 2342, staður d, sem er 0.7 sml. utan fiskveiðimarkanna, kl. 2351, staður e, sem er 1.5 sml. utan fisk-

veiðimarkanna, kl. 0008, staður f, sem er 2.1 sml. utan fiskveiðimarkanna, og 0036, staður g, sem er 3.5 sml. utan fiskveiðimarkanna.

Þess skal getið, að fjarlægðir þessar eru miðaðar við fiskveiðitakmarkalínuna, eins og hún er dregin á sjókort nr. 41“.

Í skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni, dags. 14. október 1962, um töku nefnds togara segir: „Togaranum hafði verið gefið stöðvunarmerki af og til með ljósmorsi.“ Í saka-dómi Reykjavíkur 7. febrúar 1963 ber Þórarinn Björnsson, skipherra á varðskipinu Óðni, „að fyrsta stöðvunarmerkið til togarans hafi verið gefið eftir kl. 2323 eða 2335, en hve mörgum mínútum nákvæmlega eftir þessar tímaákvarðanir fyrsta stöðvunarmerkið var gefið, getur vitnið ekki sagt um, en minnir endilega, að það hafi verið gefið milli kl. 2323 til 2335“. Á sama dómþingi segir Helgi Hallvarðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni: „Eins og ég sagði, minnir mig, að 1. stöðvunarmerki hafi verið gefið, eftir að lokið hafði verið við að gera 2. staðarákvörðun. Nánar um það, hvenær 1. stöðvunarmerkið var gefið, get ég ekki gefið upplýsingar um“. Þá kveður Einar Karlsson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni, á téðu dómþingi „sig minna, að byrjað hafi verið að gefa togaranum stöðvunarmerki milli 2. og 3. staðarákvörðunar togarans“. Loks segist Reynir Eyjólfsson, 3. stýrimaður á varðskipinu Óðni, „ekki muna, hvenær fyrsta stöðvunarmerkið var gefið, en gerir ráð fyrir, að það hafi verið gert, er lokið var við að gera 2. ákvörðun um togarann, en merki voru stanzlaust gefin, meðan á eftirförinni stóð“.

Vætti varðskipsmanna er eigi tvímælalaust, og er því eigi fram kominn sönnun fyrir því, að togarar ákærða hafi verið innan fiskveiðimarka, þá er honum var gefið stöðvunarmerki. Taka togarans utan fiskveiðimarka veitir eigi, að svo búnu, að þjóðarétti íslenskum dómstólum dómsöguvald í máli ákærða. Samkvæmt þessu verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá dómstólum.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sak-

arinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á rikissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá dómstólum.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 16. október 1962.

Ár 1962, þriðjudaginn 16. október, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómsmönnum Rögvaldi Jónssyni fyrrverandi skipstjóra og Páli Pálssyni skipstjóra, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 15. október s.l.

Ákærður er Roy Belcher, skipstjóri á brezka botnvörpungnum Dragoon, FD 60, frá Fleetwood í Englandi, fyrir það aðallega að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 3 11. marz 1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 og lög nr. 33 19. júní 1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6 17. febrúar 1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara sunnudaginn 14. október 1962 upp úr miðnættinu út af Kópanesi innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 3/1961. Til vara ákæríst hann fyrir ólöglegan útbúnað veiðarfæra togarans á framangreindum stað og tíma samkvæmt 4. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961 sbr. nefnd lög nr. 44/1948 og 2. gr. nefndra laga nr. 5/1920 sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 6/1959. Í ákæruskjali ákæríst ákærði til þess að sæta refsingu samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og

til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærði, Roy Belcher, er kominn yfir lögaldur sakamanna, samkvæmt eigin upplýsingum fæddur 23.3. 1922 í Fleetwood. Hann hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr, svo kunnugt sé. Verjandi ákærða hefur aðallega krafizt sýknu af aðalkröfu ákæruvaldsins og að aðeins varakrafan nái fram að ganga, þó þannig að ekki verði gerð upptæk afli og veiðarfæri. Þá krafðist verjandi þess, að málskostnaður væri greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málflutningslaun sér til handa.

Málavextir eru þessir: Laugardaginn 13. október 1962 var varðskipið Óðinn á norðurleið út af Kópanesi. Sást þá skip, sem virtist vera að ólöglegum veiðum. Var þá gerð á því eftirfarandi staðarákvörðun kl. 2318: Blakkur, fjarlægð 9.1 sjómíllur, Tálkni, fjarlægð 8.6 sjómíllur. Miðaðist togarinn þá í r.v. 330°.5, fjarlægð 10.9 sjómíllur. Gaf það stað hans um 1.4 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum. Önnur staðarákvörðun var gerð kl. 2323: Blakkur, fjarlægð 9.8 sjómíllur. Sléttanes, fjarlægð 9.8 sjómíllur. Tálkni fjarlægð 9.6 sjómíllur. Togarinn miðaðist þá í r.v. 327°.5, fjarlægð 9.8 sjómíllur. Samkvæmt þeirri mælingu var staður togarans 1.2 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna. Þriðja staðarákvörðunin fór fram kl. 2335: Sléttanes, fjarlægð 10.5 sjómíllur. Blakkur, fjarlægð 12.3 sjómíllur. Þá miðaðist togarinn í r.v. 325°, fjarlægð 7.1 sjómíllur. Gefur þessi mæling stað hans 0.5 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna. Fjórhða staðarákvörðunin fór fram kl. 2342: Sléttanes, fjarlægð 11.6 sjómíllur. Blakkur, fjarlægð 14.1 sjómíllur. Fjallaskagi, fjarlægð 15.2 sjómíllur. Þá miðaðist togarinn í r.v. 325°, fjarlægð 5.6 sjómíllur, er gefur stað hans 0.2 sjómíllur utan fiskveiðitakmarkanna. Fimmta staðarákvörðunin fór fram kl. 2351: Fjallaskagi, fjarlægð 15.8 sjómíllur. Kópanes, fjarlægð 9.8 sjómíllur. Blakkur 16.4 sjómíllur. Þá miðaðist togarinn í r.v. 324°.5, fjarlægð 3.65 sjómíllur. Gefur það stað togarans um 1.0 sjómíllur utan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 0002 14. október sást í ljósum, að togarinn var með stjórnbörðsvörpu í sjó. Sjötta staðarákvörðun var framkvæmd kl. 0008, er komið var að togaranum, sem reyndist vera Dragoon, FD 60, skipstjóri Roy Belcher, ákærði í máli þessu. Mælingar voru þessar: Kópanes, fjarlægð 14.0 sjómíllur. Blakkur, fjarlægð 20.0 sjómíllur. Skagaviti, fjarlægð 17.6 sjómíllur. Svalvogar, fjarlægð 16.7 sjómíllur. Dýpi mældist 79 m. Gaf þessi mæling stað togarans um 1.5 sjómíllur utan fiskveiðitakmarkanna. Sjöunda staðarákvörðunin fór síðan fram kl. 0036,

er togarinn hafði stanzað og byrjað að hala inn vörpuna: Kópunes, fjarlægð 15.2 sjómílar, Barði, fjarlægð 19.0 sjómílar, Blakkur, fjarlægð 20.4 sjómílar, dýpi 70 m. Togaranum höfðu verið gefin stöðvunarmerki af og til með ljósmorse. Þegar varðskipið kom á hlið við togarann, var kallað yfir í hátalara varðskipisins til skipstjórans og honum fyrirskipað að nema staðar og draga vörpuna upp, en hann neitaði því og hélt áfram veiðum, þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli. Var þá kl. 0026 skotið lausu skoti að togaranum og stöðvunarfyrirmæli ítrekuð. Kl. 0036 kallaði togarskipstjórinn yfir til varðskipisins og kvaðst mundu fara eftir fyrirmælum þess, og stanzaði hann síðan. Var nú 3. stýrimaður varðskipisins ásamt þremur hásetum sendur yfir í togarann og skipstjórinn sóttur til yfirheyrslu um borð í varðskipinu. Við þá yfirheyrslu neitaði ákærði ekki staðarákvörðun varðskipsmanna, en neitaði að hafa kastað vörpunni fyrr en utan landhelgi. Hann skýrði frá því, að loftskeytamaðurinn hefði verið með sér í brúnni, er vörpunni var kastað. Kvaðst ákærði hafa kastað vörpunni um kl. 2330 eftir brezkum sumartíma, sem er 1 klukkustund á undan íslenskum tíma. Voru klukkur skipanna bornar saman af 3. stýrimanni varðskipisins. Loftskeytamaður og báðir vélstjórar togarans voru nú sóttir um borð og yfirheyrðir. Loftskeytamaðurinn sagði, að vörpunni hefði verið kastað um eða eftir kl. 2330 (skv. ísl. tíma 2230), en báðir vélstjórararnir héldu því hins vegar fram, að kastað hefði verið um kl. 0030 (2330 skv. ísl. tíma).

Fyrir dómi leiðrétti ákærði tímaákvörðun sína og kvaðst hafa átt við Greenwich-meðaltíma. Bátsmaður togarans, sem stjórnaði ferð hans suður með Vestfjörðum frá Aðalvík, kvaðst hafa kallað á skipstjóra klukkan um það bil 0015 samkvæmt brezkum sumartíma (2315 skv. ísl. tíma), en síðan farið á þilfar og undirbúið það, að vörpunni væri kastað. Tímaákvörðanir skipstjóra og bátsmanns eru eftir ágizkun, en samkvæmt framburði ákærða, bátsmanns og skýrslu vélstjórans virðist vörpunni hafa verið kastað um það bil kl. 2330 eftir íslenskum tíma.

Í skýrslu varðskipsmanna segir, að staðarákvörðun 1 sé gerð kl. 2318 eftir íslenskum tíma og togarinn þá að reikningi varðskipsmanna um 1.4 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 2330 er togarinn 1.2 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, og í kærunni á dskj. nr. 1 segir, að eftir það sé útilokað, að vörpu togarans hafi verið kastað, þar eð togarinn hafi ekki stöðvað ferð sína fyrr en kl. 0036. Sé litið á staðhæfingu togaramanna

um tímann, þegar botnvörpu var kastað kl. 2330 að íslenzkum tíma, og hins vegar á skýrsluna á dskjl. nr. 1, sem telur, að vörpunni hafi í síðasta lagi verið kastað kl. 2330, þá kemur fram ágreiningur tíma, sem ekki varð samræmdur.

Ákærði bar það, að hann hefði gert staðarákvörðun um kl. 2320 (ísl. tími), og hafi hann þá verið 11.6 sjómílar frá Kópanesi og 16 sjómílar frá yztu tanni á Skaga. Sú staðarákvörðun gefur stað togarans milli staðarákvarðananna 1 og 2, er varðskipsmenn hafa merkt á dskj. nr. 2. Ákærði kvaðst ekki hafa látið kasta botnvörpu, er hann hafði gert þessa staðarákvörðun, heldur hafi hann siglt út og stanzað skipið kl. 2330 (ísl. tími) og þá kastað vörpunni. Þá hafi staður skipsins verið 17 sjómílar frá Skaga og 13 sjómílar frá Kópanesi, en það er utan hinna íslenzku fiskveiðitakmarka. Um þetta atriði bar bátsmaðurinn, að hann hefði litið í ratsjána kl. 2315 (ísl. tíma), þegar hann kallaði í skipstjórnann, og hafði skipið þá verið 12 sjómílar undan Kópanesi.

Í stórum dráttum er framburður ákærða að öðru leyti á þessa leið: Hann kvaðst hafa komið á skipi sínu frá stað um 15 sjómílar NNA frá Aðalvík og sofið og stýrimaður einnig sofið, en bátsmaður farið með stjórn skipsins. Hann sá af fyrri staðarákvörðun sinni, að skipið var innan við fiskveiðitakmörkin, og sigldi því út fyrir, áður en hann kastaði vörpunni. Það hafi ekki tekið nema 4—5 mínútur, enda hafði bátsmaður verið búinn að undirbúa kastið með því að láta hlera út fyrir borðstokk og bobbingana á borðstokkinn. Hann kveðst hafa látið út um 200 faðma af vírum. Toghraði skipsins var um 3 sjómílar. Varpan var ekki komin inn í togarann, er hann fór yfir í varðskipið, og engan fisk sá hann, þegar hann kom aftur. Hann kvaðst engin ljósmerki hafa séð frá varðskipinu, enda hefði það siglt á eftir skipi sínu. Hann kvaðst ekki hafa talið sér skylt að stanza, er varðskipið krafðist þess, vegna þess að hann taldi sig vera á rúmsjó. Ákærði tók fram, að skip hans hefði ekki getað siglt samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsmanna nr. I—VII á dskj. nr. 2 með þeim toghraða, sem það hafi, og hljóti þær því að vera rangar.

Ákærði skýrði frá því, að siglt hefði verið frá Aðalvík kl. um 5.30 eftir brezkum tíma (1830 ísl. tíma), og hefði skipið farið með hér um bil 11 sjómílna hraða, miðað við klukkustund. Vegalengdin að Kópanesi hefði verið um 60—65 sjómílar. Stefnan hefði verið VSV og siglt utan landhelgi, en bátsmaður hefði breytt stefnu

í átt til lands, og vegalengdin því orðið meiri en ella. Þegar ákærða var bent á, að vegalengdin frá Aðalvík að Kópanesi væri óeðlilega löng samkvæmt skýrslu hans, breytti ákærði framburði sínum svo, að skipið hefði verið 15 sjómílur NNA af Aðalvík, en ekki NNV, eins og hann hafði upphaflega sagt. Ákærði hélt fast við framburð sinn fyrir dóminum og neitaði að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Á hinn bóginn viðurkenndi hann að hafa haft ólöglegan útbúnað veiðarfæra, en bátsmaður hefði án sinna fyrirmæla látið hlera út fyrir borðstokk og bobbinga á borðstokkinn.

Vitnið Stanley Remblance, 1. vélstjóri á b/v Dragoon, kom á vörð kl. 5.30 að brezkum sumartíma og var á verði til kl. 2330 samkvæmt íslenskum tíma. Hann skýrði frá því, að dregið hefði verið úr hraða skipsins um kl. 2315 eftir íslenskum tíma og síðan hægt meira á ferð og loks alveg stöðvað. Hafi þetta tekið um 10 mínútur alls. Vitnið taldi, að stöðvað hefði verið til þess að kasta botnvörpunni, og kvað 2. vélstjóra hafa sagt sér, að því hefði verið lokið um kl. 1245 eftir íslenskum tíma, en þá var vitnið farið af verði. Vitnið kvað sér ókunnugt um toghraða skipsins, en togað sé með 82—84 snúningshraða á vél. Vitnið Christopher Bird, loftskemtamaður á b/v Dragoon, var á verði á siglingunni frá Aðalvík og sagði, að stöðvað hefði verið um kl. 1130 eftir Greenwich-meðaltíma til þess að kasta vörpunni, og hefði hann verið í klefa sínum, meðan það var gert. Hann kvaðst engin ljósmerki hafa séð frá varðskipinu.

Vitnið Gilbert Sahoop, 2. vélstjóri á b/v Dragoon, kom á vörð kl. 0030 eftir íslenskum tíma, sunnudaginn 14. október. Vitnið kvaðst ekkert vita um stað skipsins þá, en nokkrum mínútum eftir kl. 0030 hafi verið dregið úr hraða skipsins, síðan stöðvað í nokkrar mínútur og svo sett á fulla ferð aftur, þar til kl. um 0045 (ísl. tíma), en úr því var vélin látin ganga 82—84 snúningshraða á mínútu. Gekk vélin með þeim hraða, þangað til varðskipið stöðvaði togarann.

Þessi þrjú vitni staðfestu vætti sitt með eiði. Bátsmaður togarans, Kenneth Wrigh, gaf svofellda skýrslu:

Hann kvaðst hafa stjórnað b/v Dragoon frá Aðalvík, og hafi Dinn háseti verið með honum á stjórnþalli. Var siglt í um það bil 6 klukkustundir, unz hann kallaði á skipstjóran kl. 2315 (ísl. tími). Ekki sá vitnið skipstjóra gera ratsjarmælingar. Fór hann þegar á þilfar og tók að undirbúa að kastað yrði botnvörpu. Þegar allt var tilbúið, hlerar komnir út fyrir borðstokk og bobb-

ingar á borðstokk, sagði skipstjóri honum að hætta við að kasta, en skipun gaf svo skipstjóri um að kasta kl. 2345 samkvæmt íslenskum tíma eða um það bil, og tók það 3—4 mínútur. Togað var 20—30 mínútur og gefnir út 175 faðmar af togvír, en það gæti þó skeikað 15—25 föðmum til eða frá. Á að gizka ein karfa af fiski var í vörpunni. Ekki sá bátsmaður varðskipið, fyrr en það beindi kastljósum sínum að togaranum. Toghraði botnvörpungsins er um 3 sjómílur. Bátsmaður sagði, að ákærði hefði ekki gefið sér sérstök fyrirmæli um að undirbúa kast í þessu tilfelli, en þetta væri í hans verkahring, og því hafi hann framkvæmt það. Bátsmaður sagði, að ákærði hefði gefið fyrirmæli um, að kallað yrði á sig, þegar skipið kæmi á þessar slóðir. Hann fullyrti, að skipið hefði ekki verið innan landhelgislínunnar. Vitnið staðfesti vætti sitt með eiði. Þórarinn Björnsson, skipherra á Óðni, staðfesti í dóminum skýrsluna á dskj. nr. 1 og gaf að öðru leyti svofellda skýrslu: Á meðan landhelgisdeilan stóð yfir, kvaðst hann oft hafa mælt toghraða botnvörpunga með því að sigla varðskipinu samsíða þeim, og mældist toghraðinn ýmist 4.2—4.5 sjómílur á svipuðum slóðum og þetta skip var nú. Skipherrann tók og fram, að það væri mjög algengt og hafi komið fyrir hér við land, að togarar, sem væru að flýta sér út fyrir fiskveiðitakmörkin, slökuðu á öðrum togvírum, og næðu þá miklu meiri hraða en áður. Þetta hefði meðal annars komið fram í álitserð, sem gefin var út af Haagdómstólnum í tilefni af Red Crusader-málinu. Dómurum hefði verið fullkunnugt um þetta fyrirbæri.

Skipherra kvaðst ekki hafa séð veiðarfæri togarans, fyrr en komið var rétt að honum, sökum þess að myrkt var af nóttu, og að mestu hefði sézt aftan á togarann, er siglt var á eftir honum.

Skipherrann staðfesti vætti sitt með eiði. Þeir stýrimenn varðsupsins komu fyrir dóm og staðfestu vætti sitt með eiði (dskj. nr. 1). Þeir skýrðu frá því, að þeir hefðu í sameiningu unnið að dskj. nr. 1—2. Þeir kváðust fyrst hafa séð, að togarinn var úti með botnvörpu, er skammt var á milli skipanna og togarinn var lýstur upp með kastljósum.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem fram hefur komið í málinu í helztu atriðum.

Um tímaákvarðanir skipverja á b/v Dragoon er það að segja, að þær eru ekki nákvæmar, og getur að sögn þeirra sjálfra munað þar nokkrum mínútum til eða frá, en það þýðir í raun og veru, að tímaákvarðanir varðskipsmanna geta vel staðizt í

samræmi við þær. Fyrsti vélstjóri togarans bar t. d., að dregið hafi verið úr hraða og skipið stöðvað á tímabilinu kl. 2315 eftir íslenskum tíma til kl. 2325 eða um það bil. Varðskipsmenn segja tímann kl. 2318 til 2323, sem togarinn hljóti að hafa verið að kasta vörpunni. Um það er ákærði einn til frásagnar, hvenær vörpunni var kastað, nema hvað bátsmaður togarans skýrði frá því, að hann hefði litið í ratsjá togarans, um það leyti sem hann fór af stjórnþalli, og hefði skipið þá verið 12 sjómílnur út af Kópanesi. Ákærði gerði staðarákvörðun skömmu síðar, og reyndist skipið þá vera 11.6 sjómílnur frá Kópanesi, eða nær landi en bátsmaður taldi.

Framburður ákærða um siglingu skipsins frá Aðalvík er tortryggilegur. Hann er kallaður á stjórnþall um kl. 2315 eftir íslenskum tíma. Samkvæmt staðarákvörðun hans sjálfs er skipið þá statt innan landhelgistakmarkanna. Þá sigldi hann því út fyrir takmörkin, að sjálfs hans sögn, með fullri ferð (11 sjóm.) og kastar vörpunni um stundarfjórðungi síðar. Væri þetta rétt, hlyti togarinn að hafa verið mun utar heldur en hann var, þegar varðskipið kom að honum kl. 0008 (skv. ísl. tíma), því að togarinn hefur þá siglt í 50 mínútur, þar af 15 mínútur með fullum hraða, en það er um 2.6 sjómílnur. Hins vegar er öll vegalengdin frá stað 1 á dskj. nr. 2 að stað 6 á sama dskj. 2.9 sjómílnur samkvæmt því, sem segir í dskj. nr. 1 (frá 1.4 sjóm. innan landhelgistakmarkanna að 1.5 sjóm. utan þeirra). Sama niðurstaða verður með því að líta á vegalengdina, 2.9 sjómílnur, og tímalengdina frá því að varðskipið staðsetur togarann fyrst og þar til það kemur að honum með veiðarfæri í sjó kl. 0008, en það eru 50 mínútur (kl. 2318 til 0008). Gefur þetta 3.48 sjómílna hraða á klukkustund, en að sögn ákærða var toghraði b/v Dragoon um 3 sjómílnur á klukkustund. Munar því litlu, að skipið hafi verið á toghraða allan þann tíma, sem það var að fara á milli staða 1 og 6 á dskj. nr. 2, og næsta ósennilegt að það hafi farið með fullum hraða eða 11 sjómílnur á 15 mínútum af 50 mínútna siglingatíma, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að skipið hafi verið stöðvað, meðan kastað var. Þó þess sé gætt, að milli staðar 1—2 á dskj. nr. 2 lagði togarinn lykkju á leið sína, svo að öll vegalengdin milli staða 1—6 á sama dskj. verður sem næst 3.15 sjómílnur, virðist það ekki valda mikilli breytingu.

Það er augljóst af flóðtöflum, að vesturfall hefur verið, þegar ákærði kvaðst hafa kastað vörpunni, en ekki austurfall, eins og hann hefur haldið fram, og virðist dóminum, að það hafi torveld-

að möguleika á því að kasta vörpunni á króklausri siglingu. Dóminum virðist grunsamlega stutt sú tímalengd, sem ákærði og bátsmaður halda fram, að farið hafi til að kasta vörpunni.

Til grundvallar niðurstöðu í máli þessu verða lagðar eiðfestar skýrslur og staðsetningar varðskipsins Óðins. Togarinn sást að vísu ekki með veiðarfæri úti, þ. e. ekki að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en líkur fyrir því, að b/v Dragoon hafi verið að veiðum í íslenzkri landhelgi að þessu sinni, eru svo miklar, að telja verður nægilega sannað, að svo hafi verið, og að togarinn hafi samkvæmt því, er segir á dskj. nr. 1, verið að ólöglegum fiskveiðum á tímabilinu frá kl. 2318 til um kl. 2340 hinn 13. október 1962 og mest 1.4 sjómíllur innan við hin íslenzku fiskveiðitakmörk.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 522.44 brúttósmálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 230.000.00 í sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Dragoon, FD 60, vera upptæk handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Roy Belcher, greiði kr. 230.000.00 sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Dragoon, FD 60, skulu vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Gísla Ísleifssonar, kr. 8.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.